

Eiríkur Vilhelm Sigurðarson

From: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Sent: miðvikudagur, 26. september 2018 09:05
To: 'Guðmundur Ragnarsson'
Cc: Einar Pálsson
Subject: SV: Upplýsingaskilti


Sæll,

Takk fyrir svarið. Við verðum í sambandi þegar verkefnið er komið lengra hjá okkur.

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra

Frá: Guðmundur Ragnarsson <gudmundur.ragnarsson@vegagerdin.is>
Sent: miðvikudagur, 26. september 2018 08:54
Til: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson <eirikur@ry.is>
Afrit: Einar Pálsson <einar.palsson@vegagerdin.is>
Efni: RE: Upplýsingaskilti

Yfirlitt eru F21.11 upplýsingatöflur settar upp við minni veg þar sem komið er af stærri vegi. Þær gefa þá yfirlit yfir svæðið sem er innan við. Það hafa þó verið gerðar töflur sem sýna stærri svæði, sjá mynd. Samkvæmt okkar vinnulagi er gert ráð fyrir að fólk þurfi ekki að stíga úr túr bílunum til að lesa á skiltin. Spurning þegar svæðið er orðið enn stærra hvort þetta heitir þá F21.11 eða eitthvað annað. Hjá Vegagerðinni er starfandi skiltanefnd sem fjallar um merkingar á vegsvæðum almennt. Umsóknir sem berast, breytingar o.þ.h. Þegar þið hafið ákveðið hvaða leið þið ætlið með þetta verkefni þá er ykkur velkomið að senda hingað erindi um aðkomu Vegagerðarinnar að málinu og við reynum að fjalla um það á faglegan hátt. Kv gr



From: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson [<mailto:eirikur@ry.is>]
Sent: 25. september 2018 14:41
To: Guðmundur Ragnarsson <guðmundur.ragnarsson@vegagerdin.is>
Cc: Einar Pálsson <einar.palsson@vegagerdin.is>
Subject: SV: Upplýsingaskilti

Sæll Guðmundur,

Takk fyrir góð svör. Það var einmitt áhugi á að hafa bæði yfirlitskort af sveitarfélaginu sem og þéttbýliskort af Hellu sem myndi þá sýna þjónustu í sveitarfélaginu. Því er spurningin ef verkefnið yrði í því formi að þarna kæmi F21.11 upplýsingatafla af dreifbýlinu ásamt öðru skilti sem sýndi þjónustu í þéttbýli hvort þið hefðuð tök á að koma gerð útskotanna á næsta ári.

Við erum að undirbúa þetta verkefni sem tillögu sem fer svo fyrir fjárhagsáætlun næsta árs hjá sveitarfélaginu svo það yrði ekki unnið fyrr en á næsta ári ef til kæmi. Þetta er því á algjöru frumvinnslustigi sem stendur.

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra

Frá: Guðmundur Ragnarsson <guðmundur.ragnarsson@vegagerdin.is>
Sent: þriðjudagur, 25. september 2018 11:17
Til: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson <eirikur@ry.is>
Afrit: Einar Pálsson <einar.palsson@vegagerdin.is>
Efni: FW: Upplýsingaskilti

Sæll Eiríkur. Ef um er að ræða upplýsingaskilti fyrir þjónustu innan þéttbýlis þá er það verkefni alfarið á kostnað viðkomandi sveitarfélags. Bendi á að leyfi Vegagerðarinnar þarf fyrir slík útskot vegna inn- og útaksturs. Í þeim

tilfellum sem Vegagerðin hefur komið að gerð útskota hefur verið um að ræða svonefndar upplýsingatöflur F21.11 (í reglugerð 289/1995) þar sem sýnd er lega vega í dreifbýli, staðsetning bæja ásamt upplýsingum um þjónustu sem þar er í boði. Viðkomandi sveitarfélag hefur þá séð um kostnað við skiltin en Vegagerðin um útskotin. Hönnun og undirbúningur í samvinnu.

Guðmundur Ragnarsson
Verkefnisstjóri
Þjónustudeild



	<p>F21.11 Upplýsingatafla.</p>
	<p>Merki þetta má setja við veg til nánari upplýsingar fyrir vegfarum þjónustu, vegakerfi eða bæjarstæði.</p>

From: Einar Pálsson
Sent: 25. september 2018 10:02
To: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson <eirikur@ry.is>
Cc: Guðmundur Ragnarsson <gudmundur.ragnarsson@vegagerdin.is>
Subject: RE: Upplýsingaskilti

Sæll Eiríkur
Fæ félagi minn Guðmund Ragnarsson til að skoða málið.
Kv

Einar Pálsson
Þjónustudeild / Service department
Vegagerðin / Icelandic Road and Coastal Administration (IRCA)
+354 522-1102 | +354 894-3623
Borgartúni 5-7 | 105 Reykjavík
einar.palsson@vegagerdin.is
www.vegagerdin.is

From: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson [<mailto:eirikur@ry.is>]
Sent: 24. september 2018 14:54
To: Einar Pálsson <ainar.palsson@vegagerdin.is>
Subject: FS: Upplýsingaskilti

Sæll Einar,

Ágúst Freyr í Vík benti mér á að hafa samband við þig.

Við vorum saman í vinnuhóp á vegum Stjórnstöðvar ferðamála um merkingar á landsvísu

Atvinnu- og menningarmálanefnd hér í Rangárþingi ytra hefur áhuga á því að skoða möguleikann á því að setja upp upplýsingaskilti um þjónustu á Hellu austan og vestan megin þorps og var mér falið að kanna möguleika á því. Þetta er bara á hugmyndastigi eins og er og alveg óútfært.

Ég heyrði í kollegum mínum í Rangárþingi eystra og fékk þær upplýsingar að Vegagerðin sá um gerð útskota þar á sínum tíma en sveitarfélagið setti upp skiltin.

Hvernig er þessu háttað í dag ? Hver gæti aðkoma Vegagerðarinnar verið að svona verkefni ?

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra
S: 8662632

Frá: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Sent: mánudagur, 24. september 2018 14:39
Til: Ágúst Freyr Bjartmarsson <agust.f.bjartmarsson@vegagerdin.is>
Efni: SV: Upplýsingaskilti

Sæll,

Takk fyrir svarið, ég hef samband við Einar.

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm

Frá: Ágúst Freyr Bjartmarsson <agust.f.bjartmarsson@vegagerdin.is>
Sent: mánudagur, 24. september 2018 14:22
Til: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson <eirikur@ry.is>
Efni: RE: Upplýsingaskilti

sæll Eiríkur

ég held að þú ættir að senda Einari pálls þetta ,hann er yfir þjónustudeild sem sér um áningarstaði hann veit hvernig þetta hefur verið gert annarstaðar .Ég get svo séð um að framkvæma og aðstoða við það sem þarf að gera .

kv.Ágúst

From: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson [<mailto:eirikur@ry.is>]
Sent: mánudagur, 24. september 2018 09:49

To: Ágúst Freyr Bjartmarsson <agust.f.bjartmarsson@vegagerdin.is>

Subject: SV: Upplýsingaskilti

Sæll Ágúst,

Hefur þú eitthvað náð að skoða þetta?

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra

Frá: Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Sent: þriðjudagur, 18. september 2018 15:41
Til: agust.f.bjartmarsson@vegagerdin.is
Efni: Upplýsingaskilti

Sæll Ágúst,

Reyndi að hringja í þig en frétti að þú værir í fríi svo ég sendi þér póst.

Atvinnu- og menningarmálanefnd hér í Rangárþingi ytra hefur áhuga á því að skoða möguleikann á því að setja upp upplýsingaskilti um þjónustu á Hellu austan og vestan megin þorps og var mér falið að kanna möguleika á því.

Ég heyrði í kollegum mínum í Rangárþingi eystra og fékk þær upplýsingar að Vegagerðin sá um gerð útskota þar á sínum tíma en sveitarfélagið setti upp skiltin.

Hvernig er þessu háttað í dag ? Hver gæti aðkoma Vegagerðarinnar verið að svona verkefni ?

Kær kveðja,
Eiríkur Vilhelm Sigurðarson
Markaðs- og kynningarfulltrúi
Rangárþingi ytra
S: 8662632